

Reykjavík, 7. október 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Háskóli Íslands fagnar markmiði frumvarpsins, að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Háskólinn telur það einnig mikilvægt að boðið sé upp á tæknilega aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki í nýsköpun, þar á meðal aðgang að sérhæfðum tækjabúnaði og að viðkomandi skipulagsheild hafi yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki sem búi yfir færni og þekkingu til að vinna með viðkomandi tæki og veita þá aðstoð sem nýsköpunarfyrirtæki hafa sótt til Nýsköpunarmiðstöðvar.

Þá getur Háskóli Íslands heils hugar tekið undir eftirfarandi fullyrðingu í greinargerð með frumvarpi:

Frumkvöðlar og sprotafyrirtæki á þessu sviði þurfa oft og tíðum aðgang að dýrum tækjabúnaði og aðstöðu sem er ekki á færi þeirra sjálfra að fjárfesta í á fyrstu stigum, nema í samvinnu við fleiri aðila. Þróun vöru eða þjónustu á sviði hátækni kallar gjarnan á margra ára rannsóknir og þróunarstarf, mikla sérþekkingu og aðkomu „þolinmóðs“ fjármagns. Þá er mikilvægt að nýta vel þann mannauð sem hefur sérþekkingu á sviði hátækni því ef vel er á haldið geta mikil tækifæri falist á þessu sviði.

Það er þó tvennt sem Háskólinn hefur áhyggjur af hvað varðar frumvarpið, annars vegar er það fjármögnun miðað við hlutverk Nýsköpunargarða ehf. og hins vegar félagiform skipulagsheildarinnar. Í tilkynningu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til kynningar á frumvarpi þessu kemur fram að bein framlög úr ríkissjóði til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands hafi verið 700 m.kr. árlega, að undanskildum kostnaði við húsnæði stofnunarinnar í Keldnaholti, en eftir breytinguna er áætlað að um 350 m.kr. verði eftir í ríkissjóði að lokinni endurskipulagningu. Samkvæmt frumvarpinu má gera ráð fyrir að 350 m.kr. verði nýttar m.a. í samkeppnissjóð um byggingar- og mannvirkjarannsóknir, sérstaka skrifstofu nýsköpunarmála, sterkari umgjörð fyrir starfsemi starfrænna smiðja, greiða hluta launa þeirra starfsmanna sem færast yfir til Matis og verkefnasjóð fyrir nýsköpun í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshluta. Það vekur upp spurningu hversu mikið framlag muni renna til Nýsköpunargarða ehf.

Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk Nýsköpunargarða ehf. mjög umfangsmikið en félagið á að annast rekstur hátækniseturs, bjóða upp á tæknilega aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki í nýsköpun, veita aðgang að sérhæfðum tækjabúnaði, veita viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu, taka þátt í rannsóknarverkefnum, sinna verkefnum sem rannsóknastofa byggingariðnaðarins og hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að félagið yfirtaki samninga og aðrar skuldbindingar vegna rannsókna- og samstarfsverkefna Nýsköpunarmiðstöðvar.

Ekki verður betur séð en að stórum hluta sé verið að færa starfsemi efnis-, líf- og orkutækni Nýsköpunarmiðstöðvar (ELO) yfir í nýtt félagiform. Í dag starfa, samkvæmt heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar, 19 manns á sviði ELO (að undanskildum þeim starfsmönnum sem sinna verkefnum fyrir byggingariðnaðinn). Stór hluti þeirra eru sérfræðingar sem eiga að vinna tiltekna þætti

í styrkumsóknum, sjá um tækjabúnað stofnunarinnar auk þess að selja þjónustu. Miðað við hlutverk Nýsköpunargarða ehf. má álykta að fyrirtækið þurfi áþekkan fjölda starfsmanna og nú eru hjá ELO til að sinna starfinu, þó svo að Háskólinn útiloki ekki að hagræða megi í rekstri.

Ljóst er að rekstrarkostnaður Nýsköpunargarða ehf. verður töluverður. Má þar fyrst nefna launakostnað, kostnað við leiguhúsnæði í Vatnsmýrinni, viðhaldskostnað tækja en auk þess má nefna kostnað við að sérhanna og setja upp nýja aðstöðu í Vatnsmýrinni, endurnýja úreltan tækjabúnað sem mun ekki flytjast frá Nýsköpunarmiðstöð o.fl. Rekstrarmódel Nýsköpunargarða ehf. virðist ganga út frá því að töluverðar tekjur séu að berast úr styrkumsóknum auk þess sem einhverjar tekjur berist af sölu á þjónustu og þá fái félagið fast framlag frá ríkinu. Það er áhættusamt rekstrarmódel að ganga út frá því að skipulagsheild hafi árlegar fastar tekjur af styrkumsóknum sem standi að stórum hluta undir rekstri félagsins. Og er enn meiri áhætta fólgin í því að treysta á að breyting á formi skipulagsheildar, þ.e. úr stofnun yfir í ehf. hafi engin áhrif á styrkjamöguleika. Hafa ber í huga að til þess að fá þessar tekjur þurfa Nýsköpunargarðar ehf. að hafa sérfræðinga í starfi til að uppfylla þær skuldbindingar sem þegar hefur verið stofnað til, skrifa nýjar styrkumsóknir og ekki síst vinna þá vinnu sem lofað er í styrkumsóknum. Það þarf því að skoða sérstaklega hversu auðvelt það er að hagræða í rekstri og á sama tíma mæta skuldbindingum Nýsköpunarmiðstöðvar. Fyrirtæki sem byggir rekstur sinn að stórum hluta á styrkjum mun aldrei vera í stöðugum rekstri.

Þrátt fyrir þá staðreynd sem kemur fram í greinargerðinni um að ekki sé til fyrirstöðu að Nýsköpunargarðar ehf. sem óhagnaðardrifið félag í rannsóknarstarfsemi sækir um erlenda og innlenda styrki og óski eftir að taka við skuldbindingum NMÍ gagnvart þeim styrkjum sem þegar hafa verið veittir, verður að hafa í huga að það eru ákveðnar reglur sem gilda um samþykki Evrópusambandsins á skipulagsheildum¹ og mat á fjárhagslegri getu þeirra². Markmið með þessu mati (áreiðanleikakönnun) er m.a. að kanna hvort að félagið hafi fjárhagslega getu til að endurgreiða styrk Evrópusambandsins standi félagið ekki við skuldbindingar sínar. Opinberar stofnanir þurfa skiljanlega ekki að fara í þetta mat en annað gildir um einkahlutafélög sem lögum samkvæmt hafa takmarkaða ábyrgð. Nýsköpunarmiðstöð er með átta evrópuverkefni enn í gangi³ og eru þeir styrkir allir 100% fjármagnaðir af Evrópusambandinu, en það er ekki sjálfgefið að svo sé, og líklegt er að styrkir nær markaði séu það ekki og krefjist því mótframlags ef ekki er um að ræða opinbera stofnun. Nýsköpunarmiðstöð hefur fengið tæpar 3 milljónir evra úr H2020.

Það er vert að benda á að nýstofnað ehf. mun ekki fá sömu meðferð og skora jafnhátt í áreiðanleikakönnun og opinber stofnun. Það kann m.a. að hafa áhrif á styrkjamöguleika í framtíðinni sem og yfirfærslu núverandi samstarfssamninga. Þá tekur þetta mat nokkurn tíma og í millitíðinni kann það að hafa áhrif á núverandi verkefni og þær umsóknir sem til stendur að vinna, sem mun síðan hafa áhrif á tekjumöguleika félagsins. Það má einnig velta því upp hvort heppilegt sé að ríkið sé að stofna ehf. um starfsemi sem er háð styrkjum og mun þar að leiðandi verða í samkeppni við önnur ehf. í landinu um styrki og verkefni.

¹ https://ec.europa.eu/research/participants/docs/h2020-funding-guide/grants/applying-for-funding/register-an-organisation/validation-of-organisation_en.htm

² https://ec.europa.eu/research/participants/docs/h2020-funding-guide/grants/applying-for-funding/register-an-organisation/financial-capacity-check_en.h

³ <https://ec.europa.eu/info/funding-tenders/opportunities/portal/screen/how-to-participate/org-details/998735087;searchKeyword=;searchTopic=;searchTopicName=;call=;searchProgramme=;searchProgrammeName=null;legalName=nysk;organisationType=;country=20000921;city=;pic=;countryAbbr=breviation=IS>

Háskóli Íslands ítrekar mikilvægi hátækniseturs sem m.a. býr yfir sérfræðingum og tæknilegri aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki í nýsköpun. Til þess að hátæknisetrið þjóni tilgangi sínum þarf ríkið að tryggja rekstur þess með viðeigandi fjárframlagi og hentugu félagiformi.

Virðingarfyllt,

Jón Atli Benediktsson, rektor